

# Mörg tækifæri í æðardúni

## ● Utflutningur fyrir um 400 milljónir á ári

Markaðshlutdeild íslensks æðardúns er um 80-90% á heimsmarkaði æðardúns og var útflutningsverðmætið um 400 milljónir króna í fyrra. Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og hlunnindaráðgjafi



Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir

Bændasamtaka Íslands, segir að í dúninum felist auk þess mikil tækifæri í ferðapjónustu innanlands.

Guðbjörg fjallar um íslenskan æðardún og verðmæti hans á fræðslukvöldi Íslenska vitafélagsins í Sjóminjasafninu Víkinni, Grandagarði, í kvöld. Hún segir að unnið sé að því að styrkja fullframleiðslu dúnvara á Íslandi. Æðardúnninn hafi lengi verið „ósýnilegur“ hérlendis og því þurfi að breyta. Fyrir nokkrum áratugum hafi nánast öll nýfædd börn fengið æðardúnsæng í sængurgjöf og ástæða sé til að endurvekja þann góða sið í ríkum mæli.

### Um 400 æðarbændur

Um 400 æðarbændur eru við strandlengju landsins. Árlega eru seld um þrjú tonn að meðaltali af hreinsuðum dúni og sjá um 10 manns um hreinsunina. Guðbjörg Helga segir að dúnsængur séu fyrirferðarmestar en auk þess sé ýmis fatnaður framleiddur úr dúni eins og til dæmis treflar, hnéhlífar og fleira. Framleiðsla á þessum vörum fari vaxandi innanlands og tækifærin séu mörg.

Íslenska vitafélagið er félag um íslenska strandmenningu. Guðbjörg segir að búið sé að taka hlunnindasýninguna á Reykhólum í gegn og æðarsetur hafi verið opnað í Stykkishólmi. Margt annað merkilegt sé í gangi og hafa beri í huga að æðarrækt sé vistvæn atvinnugrein.

Fyrirlesturinn er öllum opin og hefst kl. 20 í kvöld. [steinthor@mbl.is](mailto:steinthor@mbl.is)